Nr. 607 30. júní 2006

# REGLUGERÐ

**um gildistöku reglugerðar Evrópusambandsins nr. 599/2004 um að samþykkja samræmda fyrirmynd að vottorði og skoðunarskýrslu í tengslum við viðskipti innan Bandalagsins með dýr og afurðir úr dýraríkinu.**

1. gr.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 599/2004 frá 31. mars 2004 um að samþykkja samræmda fyrirmynd að vottorði og skoðunarskýrslu í tengslum við viðskipti innan Bandalagsins með dýr og afurðir úr dýraríkinu, sem vísað er til í 119. lið, undirkafla 1.2. í kafla 1 í I. viðauka við EES-samninginn, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 44/2005 frá 12. febrúar 2005 um breytingu á I. viðauka (heilbrigði dýra og plantna), skal öðlast gildi hér á landi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af I. viðauka samningsins, bókun um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum hans.

2. gr.

Reglugerðin er birt sem fylgiskjal með reglugerð þessari.

3. gr.

Fiskistofa fer með framkvæmd eftirlits sem kveðið er á um í þessari reglugerð og afmarkast nánar af gildissviði laga nr. 55/1998 um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða og laga nr. 33/2002 um eldi nytjastofna sjávar.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 29. og 31. gr. laga nr. 55/1998 um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 30. júní 2006.*

F. h. r.
**Jón B. Jónasson.**

*Guðríður Margrét Kristjánsdóttir.*

**Fylgiskjal.**

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 599/2004**

**frá 30. mars 2004**

**um að samþykkja samræmda fyrirmynd að vottorði og skoðunarskýrslu í tengslum við viðskipti innan Bandalagsins með dýr og afurðir úr dýraríkinu**

**(Texti sem varðar EES)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 90/425/EBE frá 26. júní 1990 um eftirlit með dýraheilbrigði og dýrarækt í viðskiptum innan Bandalagsins með tiltekin dýr á fæti og afurðir til að stuðla að því að hinum innri markaði verði komið á ([1]), einkum 3. mgr. 20. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 89/662/EBE frá 11. desember 1989 um dýraheilbrigðiseftirlit í viðskiptum innan Bandalagsins til að stuðla að því að hinum innri markaði verði komið á ([2]), einkum 3. mgr. 16. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/628/EB frá 19. nóvember 1991 um verndun dýra í flutningi og um breytingu á tilskipunum 90/425/EBE og 91/496/EBE ([3]), einkum 15. gr.,

með hliðsjón af ákvörðun ráðsins 92/438/EBE frá 13. júlí 1992 um tölvuvæðingu dýraheilbrigðisreglna um innflutning (Shift-áætlunin), breytingu á tilskipunum 90/675/EBE, 91/496/EBE, 91/628/EBE og ákvörðun 90/424/EBE og niðurfellingu á ákvörðun 88/192/EBE ([4]), einkum 12. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi*:

1) Forsenda þess að unnt verði að innleiða Traces-kerfið, sem kveðið er á um í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/623/EB um þróun á samþættu dýraheilbrigðistölvukerfi (Traces) ([5]), er að samræma framsetningu heilbrigðisvottorða, sem krafist er í viðskiptum innan Bandalagsins, svo að hægt verði að halda utan um gögnin, sem aflað er, og vinna úr þeim á viðeigandi hátt í því skyni að bæta heilbrigðisöryggi í Bandalaginu.

2) Taka þarf upp samræmda fyrirmynd við söfnun niðurstaðna úr skoðunum, sem fara fram samkvæmt tilskipunum 89/662/EBE, 91/628/EBE og 90/425/EBE, til að unnt sé að vinna gögnin á rafrænan hátt enda er slík fyrirmynd grundvöllurinn að þeirri stöðluðu framsetningu niðurstaðna sem krafist er samkvæmt þessum tilskipunum.

3) Samræma þarf framsetningu fyrirmynda að skjölum sem krafist er samkvæmt eftirfarandi gerðum Bandalagsins:

— viðauka F við tilskipun ráðsins 64/432/EBE frá 26. júní 1964 um vanda á sviði heilbrigðis dýra sem hefur áhrif á viðskipti innan Bandalagsins með nautgripi og svín ([6]),

— viðaukum D1 og D2 við tilskipun ráðsins 88/407/EBE frá 14. júní 1988 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem eiga við um viðskipti innan Bandalagsins og innflutning á sæði húsdýra af nautgripakyni ([7]),

— viðauka C við tilskipun ráðsins 89/556/EBE frá 25. september 1989 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á viðskipti innan Bandalagsins og innflutning frá þriðju löndum á fósturvísum húsdýra af nautgripakyni ([8]),

— viðauka C við tilskipun ráðsins 90/426/EBE frá 26. júní 1990 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á flutninga og innflutning hófdýra frá þriðju löndum ([9]),

— viðauka D við tilskipun ráðsins 90/429/EBE frá 26. júní 1990 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem eiga við um viðskipti innan Bandalagsins og innflutning á djúpfrystu sæði húsdýra af svínakyni ([10]),

— IV. viðauka við tilskipun ráðsins 90/539/EBE frá 15. október 1990 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á viðskipti innan Bandalagsins og innflutning á alifuglum og útungunareggjum frá þriðju löndum ([11]),

([1]) Stjtíð. EB L 224, 18.8.1990, bls. 29. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2002/33/EB.
([2]) Stjtíð. EB L 395, 30.12.1989, bls. 13. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð ráðsins (EB) nr. 806/2003.
([3]) Stjtíð. EB L 340, 11.12.1991, bls. 17. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð ráðsins (EB) nr. 806/2003.
([4]) Stjtíð. EB L 243, 25.8.1992, bls. 27. Ákvörðunin eins og henni var síðast breytt með ákvörðun 95/1/EB.
([5]) Stjtíð. ESB L 216, 28.8.2003, bls. 58.
([6]) Stjtíð. EB 121, 29.7.1964, bls. 1977/64. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð ráðsins (EB) nr. 21/2004.
([7]) Stjtíð. EB L 194, 22.7.1988, bls. 10. Tilskipuninni var síðast breytt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/101/EB.
([8]) Stjtíð. EB L 302, 19.10.1989, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð ráðsins (EB) nr. 806/2003.
([9]) Stjtíð. EB L 224, 18.8.1990, bls. 42. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð ráðsins (EB) nr. 806/2003.
([10]) Stjtíð. EB L 224, 18.8.1990, bls. 62. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð ráðsins (EB) nr. 806/2003.
([11]) Stjtíð. EB L 303, 31.10.1990, bls. 6. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð ráðsins (EB) nr. 806/2003.

— viðauka E við tilskipun ráðsins 91/67/EBE frá 28. janúar 1991 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á markaðssetningu fiskeldistegunda og -afurða ([1]);

— viðauka E við tilskipun ráðsins 91/68/EBE frá 28. janúar 1991 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á viðskipti innan Bandalagsins með sauðfé og geitur ([2]);

— viðauka E við tilskipun ráðsins 92/65/EBE frá 13. júlí 1992 um dýraheilbrigðiskröfur varðandi viðskipti innan Bandalagsins og innflutning til Bandalagsins á dýrum, sæði, eggfrumum og fósturvísum sem dýraheilbrigðiskröfur í sérreglum Bandalagsins er um getur í I. hluta viðauka A við tilskipun 90/425/EBE gilda ekki um ([3]),

— viðaukanum við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/273/EB frá 18. apríl 1994 um dýralæknisvottorð vegna markaðssetningar í Breska konungsríkinu og á Írlandi á hundum og köttum sem eru ekki upprunnir í þeim löndum ([4]),

— viðaukanum við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/294/EB frá 24. júlí 1995 um fyrirmynd að dýraheilbrigðisvottorði vegna viðskipta með egg og fósturvísa úr hófdýrum ([5]),

— viðaukanum við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/307/EB frá 24. júlí 1995 um fyrirmynd að dýraheilbrigðisvottorði vegna viðskipta með sæði úr hófdýrum ([6]),

— I. og II. viðauka við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/388/EB frá 19. september 1995 um fyrirmynd að vottorði vegna viðskipta innan bandalagsins með sæði, egg og fósturvísa úr sauðfé og geitum ([7]),

— viðaukanum við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/483/EB frá 9. nóvember 1995 um fyrirmynd að vottorði vegna viðskipta innan bandalagsins með egg og fósturvísa úr svínum ([8]),

— I. og II. viðauka við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/567/EB frá 27. júlí 1999 um að ákveða fyrirmynd að vottorðinu sem um getur í 1. mgr. 16. gr. tilskipunar ráðsins 91/67/EBE ([9]),

— I. viðauka við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/390/EB frá 23. maí 2003 um að setja sérstök skilyrði fyrir markaðssetningu á dýrategundum, sem eru aldar og ræktaðar í sjó eða vatni og eru ekki taldar næmar fyrir tilteknum sjúkdómum, og afurðum úr þeim dýrum ([10]),

— IV. viðauka við tilskipun ráðsins 64/433/EBE frá 26. júní 1964 um vanda á sviði heilbrigðis dýra sem hefur áhrif á viðskipti innan Bandalagsins með nýtt kjöt ([11]),

— IV. viðauka við tilskipun ráðsins 71/118/EBE frá 15. febrúar 1971 um heilbrigðisvanda sem hefur áhrif á framleiðslu og markaðssetningu á nýju alifuglakjöti ([12]),

— viðauka D við tilskipun ráðsins 77/99/EBE frá 21. desember 1976 um heilbrigðisvanda sem hefur áhrif á framleiðslu og markaðssetningu á kjötafurðum og tilteknum öðrum afurðum úr dýraríkinu ([13]),

— IV. viðauka við tilskipun ráðsins 91/495/EBE frá 27. nóvember 1990 um vanda er varðar heilbrigði almennings og dýra og hefur áhrif á framleiðslu og markaðssetningu á kanínukjöti og alivillibráð ([14]),

— II. viðauki við tilskipun ráðsins 92/45/EBE frá 16. júní 1992 um vanda á sviði almannaheilbrigðis og dýraheilbrigðis er tengist drápi villtra veiðidýra og um markaðssetningu villibráðar ([15]),

— V. viðauka við tilskipun ráðsins 94/65/EB frá 14. desember 1994 um kröfur varðandi framleiðslu og markaðssetningu á hökkuðu kjöti og unnum kjötvörum ([16]),

4) Einnig ber að samræma upplýsingaskipti milli lögbærra yfirvalda, sem kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002 frá 3. október 2002 um heilbrigðisreglur um aukaafurðir úr dýrum sem ekki eru ætlaðar til manneldis ([17]), að því er varðar sendingar aukaafurða og unninna afurða úr dýrum.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra.

(1) Stjtíð. EB L 46, 19.2.1991, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð ráðsins (EB) nr. 806/2003.
(2) Stjtíð. EB L 46, 19.2.1991, bls. 19. Tilskipuninni var síðast breytt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/708/EB.
(3) Stjtíð. EB L 268, 14.9.1992, bls. 54. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1398/2003.
(4) Stjtíð. EB L 102, 12.4.2001, bls. 63. Tilskipuninni var síðast breytt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/298/EB.
(5) Stjtíð. EB L 182, 2.8.1995, bls. 27.
(6) Stjtíð. EB L 185, 4.8.1995, bls. 58.
(7) Stjtíð. EB L 234, 3.10.1995, bls. 30.
(8) Stjtíð. EB L 275, 18.11.1995, bls. 30.
(9) Stjtíð. EB L 216, 14.8.1999, bls. 13.
(10) Stjtíð. ESB L 135, 3.6.2003, bls. 19.
(11) Stjtíð. EB 121, 29.7.1964, bls. 2012/64. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð ráðsins (EB) nr. 806/2003.
(12) Stjtíð. EB L 55, 8.3.1971, bls. 23. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð ráðsins (EB) nr. 807/2003.
(13) Stjtíð. EB L 26, 31.1.1977, bls. 85. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð ráðsins (EB) nr. 807/2003.
(14) Stjtíð. EB L 268, 24.9.1991, bls. 41. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð ráðsins (EB) nr. 806/2003.
(15) Stjtíð. EB L 268, 14.9.1992, bls. 35. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð ráðsins (EB) nr. 806/2003.
(16) Stjtíð. EB L 368, 31.12.1994, bls. 10. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð ráðsins (EB) nr. 806/2003.
(17) Stjtíð. EB L 273, 10.10.2002, bls. 1.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Framsetning mismunandi heilbrigðisvottorða, sem krafist er í viðskiptum innan Bandalagsins, að undanskildum heilbrigðisvottorðum fyrir skráð hófdýr, skal vera samkvæmt samræmdu fyrirmyndinni í viðaukanum.

Fyrirmyndir að vottorðum eru:

1. staðlaður I. hluti, „upplýsingar um sendinguna“,
2. II. hluti, „vottun“, þar sem fram koma sérkröfur í löggjöfinni fyrir hverja dýrategund, framleiðslutegund og afurðategund, og
3. staðlaður III. hluti, „eftirlit“, þar sem skráðar eru niðurstöður úr skoðunum sem fram hafa farið í samræmi við gildandi reglur.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi 31. desember 2004.

Aðildarríkjum, sem þess óska, er þó heimilt að nota þessa framsetningu vottorða í tengslum við Traces-kerfið frá og með 1. apríl 2004.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. mars 2004.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

David BYRNE

*framkvæmdastjóri.*

*VIÐAUKI*

**EVRÓPUBANDALAGIÐ** **Vottorð vegna viðskipta innan Bandalagsins**

**I. HLUTI: Upplýsingar um sendingu**

| | |
|---|---|
| I.1. Sendandi<br>☐ Heiti<br>Heimilisfang<br>Póstnúmer | I.2. Tilvísunarnúmer vottorðs \| I.2.a. Staðbundið tilvísunarnúmer<br>I.3. Lögbært stjórnvald<br>I.4. Lögbært staðaryfirvald |
| I.5. Viðtakandi<br>Heiti<br>Heimilisfang<br>Póstnúmer | I.6. Númer tilheyrandi, upprunalegra vottorða \| Númer fylgiskjala<br>I.7. Seljandi<br>Heiti \| Samþykkisnúmer |
| I.8. Upprunaland \| ISO-kóði \| I.9. Upprunahérað \| Kóði | I.10. Viðtökuland: \| ISO-kóði \| I.11. Viðtökusvæði: \| Kóði |
| I.12. Upprunastaður/tekjustaður<br>Bújörð ☐ Söfnunarstöð ☐ Aðstaða seljanda ☐<br>Samþ. aðili☐ Sæðisstöð ☐ Samþykkt eldisstöð ☐<br>Fósturvísahópur ☐ Starfsstöð ☐ Annað ☐<br>Heiti Samþykkisnúmer<br>Heimilisfang<br>Póstnúmer | Bújörð ☐ Söfnunarstöð ☐ Aðstaða seljanda ☐<br>Samþykktur aðili ☐ Sæðisstöð ☐ Samþykkt eldisstöð ☐<br>Fósturvísahópur ☐ Starfsstöð ☐ Annað ☐<br>Heiti Samþykkisnúmer<br>Heimilisfang<br>Póstnúmer |
| I.14. Fermingarstaður<br>Póstnúmer | I.15. Brottfarardagur og -tími |
| I.16. Flutningatæki<br>Flugvél ☐ Skip ☐ Járnbrautarvagn ☐<br>Ökutæki á vegum ☐ Annað ☐<br>Auðkenni | I.17. Flutningsaðili<br>Heiti Samþykkisnúmer<br>Heimilisfang<br>Póstnúmer Aðildarríki |
| I.18. Dýrategund/afurð | I.19. Vörunúmer (SAT-númer)<br>I.20. Fjöldi/magn |
| I.21. Hitastig afurða<br>Umhverfishiti ☐ Kældar ☐ Frystar ☐ | I.22. Fjöldi pakkninga |
| I.23. Auðkenni gáms/innsiglisnúmer | I.24. Tegund umbúða |

I.25. Dýr sem eru vottuð/afurðir sem eru vottaðar:

til undaneldis ☐ til eldis ☐ til slátrunar ☐ til árstíðabundinna skipta á bithögum ☐ til samþykkts aðila ☐
til tæknifrjóvgunar ☐ sem skráð hófdýr ☐ til endurnýjunar veiðidýrastofns ☐ sem gæludýr ☐
til manneldis ☐ til notkunar í fóður ☐ til notkunar í lyf ☐ til tæknilegra nota ☐ til annarra nota ☐

| | |
|---|---|
| I.26. Umflutningur um þriðja land ☐<br>Þriðja land ISO-númer<br>Brottfararstöð Númer<br>Komustöð Nr. skoðunarstöðvar: | I.27. Umflutningur um aðildarríki ☐<br>Aðildarríki ISO-númer<br>Aðildarríki ISO-númer<br>Aðildarríki ISO-númer |
| I.28. Útflutningur ☐<br>Þriðja land ISO-kóði<br>Brottfararstöð Kóði | I.29. Áætlaður ferðatími |

I.30. Leiðaráætlun
Já ☐ Nei ☐

I.31. Auðkenning dýra

**EVRÓPUBANDALAGIÐ** **Vottorð vegna viðskipta innan Bandalagsins**

| **II. HLUTI: Vottorð** | II. Upplýsingar um heilbrigði * | II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs | II.b. Staðbundið tilvísunarnúmer |
|---|---|---|---|
| | ☐ | | |

Opinber dýralæknir eða opinber skoðunarmaður

| | |
|---|---|
| Nafn (með hástöfum): | Menntun, hæfi og titill |
| Dýralæknaeining á staðnum | Númer dýralæknaeiningar á staðnum |
| Dagsetning: | Undirskrift: |
| Stimpill | |

* Heilbrigðiskröfur sem skal uppfylla

**EVRÓPUBANDALAGIÐ** **Vottorð vegna viðskipta innan Bandalagsins**

**III. HLUTI: Eftirlit**

III.1. Skoðunardagur ☐

III.2. Tilvísunarnúmer vottorðs

III.3. Sannprófun skjala: Nei ☐ Já ☐
- ESB-staðall: Fullnægjandi ☐ Ófullnægjandi ☐
- Viðbótarábyrgð: Fullnægjandi ☐ Ófullnægjandi ☐
- Innlendar kröfur: Fullnægjandi ☐ Ófullnægjandi ☐

III.4 Sannprófun auðkenna: Nei ☐ Já ☐
Fullnægjandi ☐ Ófullnægjandi ☐

III.5. Eftirlit með ástandi: Nei ☐ Fjöldi skoðaðra dýra ☐
Fullnægjandi ☐ Ófullnægjandi ☐

III.6. Prófanir á rannsóknarstofu: Nei ☐ Já ☐
Dagsetning:
Prófað: Slembiúrtak ☐ Vegna gruns ☐
Niðurstöður: Fullnægjandi ☐ Ófullnægjandi ☐

III.7. Velferðarathugun: Nei ☐ Já ☐
Fullnægjandi ☐ Ófullnægjandi ☐

III.8.Brot á velferðarreglum:
- III.8.1. Heimild flytjanda ógild ☐
- III.8.2. Flutningatæki uppfyllir ekki kröfur ☐
- 111.8.3. Þéttleiki dýra meiri en heimilt er ☐ Meðalrými
- III.8.4. Ferðatími lengri en heimilt er ☐
- III.8.5. Ónóg brynning eða gjöf ☐
- III.8.6. Ill meðferð á dýrum eða vanræksla ☐
- III.8.7. Annað ☐

III.9. Brot á ákvæðum heilbrigðislaga
- III.9.1. Vottorð vantar/ógilt ☐
- III.9.2. Ekki í samræmi við skjöl ☐
- III.9.3. Ósamþykkt land ☐
- III.9.4. Ósamþykkt svæði/umdæmi ☐
- III.9.5. Bönnuð dýrategund ☐
- III.9.6. Engin viðbótarábyrgð ☐
- III.9.7. Ósamþykkt bújörð ☐
- III.9.8. Sjúk eða grunsamleg dýr ☐
- III.9.9. Ófullnægjandi prófanir ☐
- III.9.10. Auðkenningu vantar eða er ólögleg ☐
- III.9.11 Innlendum kröfum ekki fullnægt ☐
- III.9.12. Ógilt heimilisfang á viðtökustað ☐
- III.9.13. Annað ☐

III.10. Áhrif flutningsins á dýrin
- Fjöldi dauðra dýra ☐ Mat ☐
- Fjöldi óhæfra dýra ☐ Mat ☐
- Fjöldi fæðinga eða fósturláta ☐

III.11. Ráðstafanir til úrbóta
- III.11.1. Brottför seinkað ☐
- III.11.2. Milliflutningur ☐
- III.11.3. Sóttkví ☐
- III.11.4. Aflífun ☐
- III.11.5. Förgun skrokka/afurða ☐
- III.11.6. Endursending ☐
- III.11.7. Meðferð afurða ☐
- III.11.8. Notkun afurða í öðrum tilgangi ☐

Auðkenni:

III.12. Eftirfylgni eftir sóttkví
- III.12.1. Aflífun ☐
- III.12.2. Slepping ☐

III.13. Skoðunarstaður

| | | |
|---|---|---|
| Starfsstöð ☐ | Bújörð ☐ | Söfnunarstöð ☐ |
| Aðstaða seljanda ☐ | Samþykktur aðili ☐ | Sæðisstöð ☐ |
| Höfn ☐ | Flugvöllur ☐ | Útflutningsstöð ☐ |
| Á leiðinni ☐ | Annað ☐ | |

111.14. Opinber dýralæknir eða opinber skoðunarmaður

Dýralæknaeining á staðnum
Nafn (með hástöfum):
Menntun, hæfi og titill

Númer dýralæknaeiningar á staðnum

Dagsetning:

Undirskrift:

**Leiðbeiningar um útfyllingu vottorðs vegna viðskipta innan Bandalagsins**

Almennt: Vottorðið skal fylla út með hástöfum. Val er tilgreint með því að haka eða krossa (X) í reitinn.

„ISO-kóði“ er staðlaður, alþjóðlegur, tveggja stafa landskóði.

Meginreglur:

Þetta vottorð varðar viðskipti innan Bandalagsins með öll dýr og afurðir, sem um getur í tilskipun ráðsins 90/425/EBE, allar afurðir úr dýraríkinu, sem um getur í tilskipun ráðsins 89/662/EBE, þar sem heilbrigðisvottorðs er krafist og allar aukaafurðir úr dýrum, sem um getur í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002, þar sem fyrirframtilkynningar er krafist.

Þetta vottorð gildir í tíu daga frá heilbrigðisskoðun í upprunaaðildarríkinu.

Vottorðið gildir aðeins fyrir eina dýrategund eða eina vörutegund hverju sinni.

Undirskrift og stimpill skulu vera í öðrum lit en aðrar upplýsingar í vottorðinu.

Frumrit þessa vottorðs verður að fylgja sendingunni til lokaviðtökustaðar.

Bújörðin eða starfsstöðin skal geyma frumrit vottorðsins eða afrit af því í a.m.k. þrjú ár.

Aðeins má gefa út vottorð vegna dýra sem á að flytja í sama járnbrautarvagni, flutninga- eða vörubíl, loftfari, báti eða skipi og koma frá sömu bújörð og eru send til sama viðtakanda. Það sama á við um afurðir.

Gefa skal út vottorðið í síðasta lagi innan 24 daga frá því að sendingin fer af stað.

**I. hluti** **Þegar um er að ræða eldisdýr í sjó og vatni má sendandi, seljandi, opinber dýralæknir eða opinber skoðunarmaður fylla út þennan hluta**

Reitur I.1. Sendandi: Tilgreina skal heiti og heimilisfang einstaklings eða lögaðila sem sendingin fer frá. Reitur 1.2. Tilvísunarnúmer vottorðsins er sérstakt tilvísunarnúmer sem Traces-kerfið úthlutar.

Reitur I.2.a. Staðbundið tilvísunarnúmer er númer sem lögbært yfirvald getur gefið í samræmi við eigin flokkun.

Reitur I.3. Lögbært stjórnvald: Heiti og númer lögbæra stjórnvaldsins í upprunalandinu eins og það birtist í Stjórnartíðindum EB/ESB.

Reitur I.4. Lögbært staðaryfirvald: Heiti og númer lögbæra staðaryfirvaldsins eins og það birtist í Stjórnartíðindum EB/ESB.

Reitur I.5. Viðtakandi: Tilgreina skal heiti og heimilisfang einstaklings eða lögaðila sem ber ábyrgð á viðtöku sendingar í viðtökulandinu.

Reitur I.6. Númer tilheyrandi, upprunalegra vottorða: Varðar aðeins þau dýr sem fara í gegnum söfnunarstöð (nautgripir, svín, sauðfé og geitur og dýr af hestaætt): Tilgreina skal tilvísunarnúmer hvers vottorðs sem tekur til nýju sendingarinnar.

Fylgiskjöl: Á aðeins við um dýr af hestaætt og dýr sem skráð eru í Washington-samningnum um tegundir í útrýmingarhættu og afurðir úr þeim.

Tilgreina skal númer á vegabréfi eða á CITES-leyfi fyrir dýr af hestaætt og dýr sem skráð eru í Washington-samningnum um tegundir í útrýmingarhættu.

Tilgreina skal númer viðskiptaskjals fyrir afurðir og aukaafurðir.

| | |
|---|---|
| Reitur I.7. | Seljandi: Varðar aðeins sendingar nautgripa, svína, sauðfjár eða geita: Tilgreina skal opinbert skráningarnúmer og heiti samþykkts seljanda. |
| Reitur I.8. | Upprunaland: Tilgreina skal heiti þess lands sem dýrin eða afurðirnar koma upprunalega frá. |
| Reitur I.9. | Upprunasvæði: Varðar aðeins nautgripi og svín og eldisdýr í sjó og vatni í tengslum við svæðaskiptingaraðgerðir.<br><br>Að því er varðar nautgripi og svín: Tilgreina skal stjórnsýslusvæði.<br><br>Að því er varðar eldisdýr í sjó og vatni: Tilgreina skal samþykkt svæði og strandsvæði.<br><br>Notið þá kóða sem eru tilgreindir í viðkomandi reglum. |
| Reitur I.10. | Viðtökuland: Tilgreina skal heiti þess lands þar sem viðtökustaður dýranna er. |
| Reitur I.11. | Viðtökusvæði: Sjá reit 1.9. |
| Reitur I.12. | Upprunastaður/tekjustaður: Sá staður sem dýrin eða afurðirnar koma upprunalega frá.<br><br>Bújörð: Eins og hún er skilgreind í 2. gr. tilskipunar 90/425/EBE.<br><br>Samþykkt eldisstöð: Varðar aðeins eldisdýr í sjó og vatni eins og þau eru skilgreind í 5. mgr. 2. gr. tilskipunar 91/67/EBE.<br><br>Söfnunarstöð: Varðar aðeins nautgripi, svín og geitur og dýr af hestaætt: Eins og þau eru skilgreind í 9. lið b-liðar og 10. lið 2. gr. tilskipunar 91/68/EBE og í o-lið 2. gr. tilskipunar 64/432/EBE.<br><br>Aðstaða seljanda: Varðar aðeins það sauðfé og þær geitur sem skilgreind eru í 12. lið b-liðar 2. gr. tilskipunar 91/68/EBE.<br><br>Samþykktur aðili: Opinberlega samþykktur aðili, stofnun eða miðstöð eins hún er skilgreind í c-lið 1. liðar 2. gr. tilskipunar 92/65/EBE, einkum samþykktir dýragarðar og rannsóknarstofur.<br><br>Sæðisstöð: Sæðingarstöð og geymslustöð fyrir sæði eins og skilgreint er í b-lið 2. gr. tilskipunar 88/407/EBE.<br><br>Fósturvísahópur: Samþykkt stofnun fyrir söfnun, vinnslu og geymslu fósturvísa og eggja eins og skilgreint er í b-lið 2. gr. tilskipunar 89/556/EBE.<br><br>Starfsstöð: Varðar aðeins afurðir og aukaafurðir úr dýraríkinu eins og þær eru skilgreindar í 3. mgr. 2. gr. tilskipunar 89/662/EBE.<br><br>Tilgreina skal heiti, heimilisfang og samþykkis- eða skráningarnúmer þessarar stofnunar þegar þess er krafist samkvæmt reglunum. |
| Reitur I.13. | Viðtökustaður: Staður sem dýr eða afurðir eru flutt á til lokaaffermingar (þ.e. að undanskildum viðkomustöðum) og geymd í samræmi við gildandi reglur. Sjá reit 1.12. |
| Reitur I.14. | Fermingarstaður: Varðar aðeins dýr: Tilgreina skal borg og póstnúmer á þeim stað þar sem dýrin eru fermd. |
| Reitur I.15. | Brottfarardagur og -tími: Varðar aðeins dýr: Tilgreina skal dagsetningu og tíma áætlaðs brottflutnings dýranna. |
| Reitur I.16. | Flutningatæki: Lýsið flutningatækinu:<br><br>Flutningatæki (flugvél, skip, járnbrautarvagn, ökutæki).<br><br>Auðkenni flutningatækis: Fyrir flutninga í lofti: flugnúmer; fyrir flutninga á sjó: heiti skips; fyrir járnbrautarflutninga: númer lestar og vagns og fyrir flutninga á vegum: skráningarnúmer ökutækis og númer tengivagns ef við á. „Annað“: Flutningsmáti sem ekki fellur undir tilskipun 91/628/EBE sem fjallar um velferð dýra meðan á flutningi stendur. |

Reitur I.17. Flutningsaðili: Á aðeins við um dýr: Í samræmi við 5. gr. tilskipunar 91/628/EBE um verndun dýra í flutningi skal tilgreina samþykkisnúmer flutningsaðila.

Reitur I.18. Dýrategund/afurðir: Fyrir dýr: Tilgreina skal dýrategund með almennu heiti samkvæmt toll-skrárflokkunarkerfinu; um dýraafurðir (sæði, egg, fósturvísa) skal tilgreina tegund og eðli. Fyrir afurðir úr dýraríkinu skal tilgreina tegund afurðar samkvæmt tollskrárflokkunarkerfinu.

Reitur I.19. SAT-númer: Tilgreina skal a.m.k. fyrstu fjóra tölustafi viðkomandi númers sameinuðu toll-nafnaskrárinnar (SAT-númer) sem ákvarðað er með reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2658/87 eins og henni var síðast breytt.

Reitur I.20. Fjöldi/magn:

Fyrir dýr og dýraafurðir (sæði, egg eða fósturvísa) skal tilgreina einingafjölda dýra eða sæðisstráa.

Fyrir eldisdýr í sjó og vatni og afurðir þeirra skal tilgreina heildarþyngd (kg).

Reitur I.21. Hitastig afurða: Varðar aðeins afurðir úr dýraríkinu: Tilgreina skal geymsluaðferð.

Reitur I.22. Fjöldi pakkninga: Tilgreina skal fjölda kassa, búra eða bása sem dýr eru flutt í eða fjölda íláta með afurðum.

Reitur I.23. Auðkenni gáms/innsiglisnúmer: Tilgreina skal sérstaklega öll auðkennisnúmer innsigla og gáms með afurðum.

Reitur I.24. Tegund umbúða: Varðar aðeins afurðir.

Reitur I.25. Dýr sem eru vottuð/afurðir sem eru vottaðar: Aðeins skal tilgreina einn viðtökustað fyrir dýr eða afurðir.

til undaneldis: Fyrir dýr til undaneldis og nytja.

til eldis: Á aðeins við um sauðfé og geitur.

til slátrunar: Um dýr sem eru send í sláturhús.

til árstíðabundinna skipta á bithögum: Á aðeins við um nautgripi í bithögum í fjalllendi.

til samþykkts aðila: Samþykktur aðili, stofnun eða miðstöð samkvæmt tilskipun 92/65/EBE.

til tæknifrjóvgunar: Á aðeins við um sæði, egg og fósturvísa.

sem skráð hófdýr: Í samræmi við tilskipun 90/426/EBE.

til endurnýjunar veiðidýrastofns: Á aðeins við um veiðidýr til endurnýjunar stofna.

sem gæludýr: Gæludýr sem verslað er með.

til manneldis: Á aðeins við um afurðir sem ætlaðar eru til neyslu og þar sem heilbrigðisvottorðs er krafist samkvæmt reglum.

til notkunar í fóður: Á aðeins við um afurðir sem ætlaðar eru í fóður eins og um getur í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002.

til notkunar í lyf:

til tæknilegra nota: Afurðir sem eru óhæfar til neyslu eða í fóður og ætlaðar eru til iðnaðarnota eins um getur í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002.

til annarra nota: Ætlað til nota sem ekki eru skráð annars staðar í þessari flokkun.

| | |
|---|---|
| Reitur I.26. | Umflutningur um þriðja land: Tilgreina skal heiti lands með ISO-kóða þess og útflutningsstað, eins og skilgreint er í 1. gr. ákvörðunar 93/444/EBE, ásamt heiti og númeri þeirrar landamæraskoðunarstöðvar þar sem dýrin eru flutt inn í Evrópusambandið. |
| Reitur I.27. | Umflutningur um aðildarríki: Tilgreina skal ISO-kóða ESB-/EES-ríkja sem sending með dýrum eða afurðum fer um. |
| Reitur I.28. | Útflutningur: Tilgreina skal útflutningsstað frá ESB/EES. |
| Reitur I.29. | Áætlaður ferðatími: Tilgreina skal áætlaðan tíma samkvæmt tilskipun 91/628/EBE. |
| Reitur I.30. | Leiðaráætlun: Tilgreina skal, í samræmi við kröfur, hvort til er leiðaráætlun. |
| Reitur I.31. | Auðkenning dýra/afurða. Tilgreina skal sérkröfur sem varða tegundina eða eðli afurðanna. |
| **2. hluti.** | **Þegar um er að ræða eldisdýr í sjó og vatni má aðeins opinber dýralæknir eða opinber skoðunarmaður fylla út þennan hluta** |
| II. reitur. | Upplýsingar um heilbrigði: Þennan hluta skal fylla út í samræmi við viðeigandi reglur. |
| Reitur II.a. | Tilvísunarnúmer: Sjá reit 1.2. |
| Reitur II.b. | Staðbundið tilvísunarnúmer: Sjá reit 1.2.a. |
| **3. hluti.** | **Eftirlit: Þennan hluta verður opinberi dýralæknirinn eða opinberi skoðunarmaðurinn að fylla út við eftirlit á viðtökustað eða meðan á flutningi dýranna og sendingu afurðanna stendur samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1774/2002** |
| Reitur III.1. | Skoðunardagur: |
| Reitur III.2. | Tilvísunarnúmer vottorðs: Sjá reit 1.2. |
| Reitur III.3. | Sannprófun skjala: Þetta tekur einnig til sannprófunar á því hvort stöðlum Bandalagsins og ákvæðum um viðbótarábyrgð vegna sumra aðildarríkja er fylgt og, að því er varðar dýrategundir sem ekki eru skráðar í viðauka A við tilskipun 90/425/EBE, hvort farið er að innanlandskröfum án tillits til lokaviðtökustaðar. Ef ekki er farið að kröfu um viðbótarábyrgð eða að innlendri kröfu telst viðkomandi sending vera ófullnægjandi. |
| Reitur III.4. | Sannprófun auðkenna: Sendinguna skal bera saman við vottorðið og fylgiskjölin. |
| Reitur III.5. | Eftirlit með ástandi: Hér er vísað til niðurstaðna klínískrar rannsóknar, sem farið hefur fram, dánartíðni og veikindatilvika í sendingunni. Tilgreina skal fjölda dýra sem eru skoðuð. |
| Reitur III.6. | Prófanir á rannsóknarstofu: |
| | Prófað: Tilgreina skal efnaflokk eða sýkil sem rannsóknin miðast við. |
| | „Vegna gruns“ tekur til tilvika þar sem grunur leikur á um að dýr séu sýkt eða sýni merki um sjúkdóm eða þau eru prófuð m.t.t. gildandi öryggisákvæða. |
| Reitur III.7. | Velferðarathugun: Lýsa skal aðstæðum við flutning og ástandi dýra við komu. |
| Reitur III.8. | Brot á reglum um velferð: Fylla skal út einn eða fleiri kassa eftir eðli brotsins (brotanna). |

Reitur III.9. Brot á ákvæðum heilbrigðislaga: Fylla skal út viðeigandi kassa eftir eðli brotsins.

III.9.1. Vottorð vantar: Þegar sending er án vottorðs eða fyrirframtilkynningar.

III.9.2. Ekki í samræmi við skjöl: Þættir í sendingunni samsvara ekki vottorðinu.

III.9.3. Ósamþykkt land: Þegar viðkomandi dýrategund fellur undir öryggisráðstöfun í viðkomandi landi.

III.9.5. Bönnuð dýrategund: Dýr tegundar sem ekki eru til samræmdar reglur um eða er bönnuð í aðildarríki eða dýr tegundar sem er vernduð samkvæmt Washington-samningnum og brýtur í bága við viðeigandi ákvæði hans.

III.9.12. Heimilisfang ógilt: Þegar tilgreint heimilisfang er ekki til eða svarar ekki til viðkomandi tegundar eða afurðar eða sending komst aldrei til skila á tilgreint heimilisfang.

Reitur III.10. Áhrif flutnings á dýr: Varðar aðeins dýr: Tilgreina skal hve mörg dýr hafa drepist, hve mörg eru óhæf til flutnings og hve mörg kvendýr ólu afkvæmi eða misstu fang í flutningnum. Þegar mikill fjöldi dýra er í sendingunni (dagsgamlir kjúklingar, fiskar, lindýr o.s.frv.) skal meta fjölda dauðra eða óhæfra dýra eftir því sem við á.

Reitur III.11. Ráðstafanir til úrbóta: Tilgreina skal hvaða ákvarðanir hafa verið teknar til að binda endi á brot í samræmi við tilskipanir 91/628/EBE, 90/425/EBE eða 89/662/EBE.

III.11.1. Brottför seinkað: Seinka skal flutningi þar til dýrin eru flutningshæf.

III.11.2. Milliflutningur: Flytja skal dýrin úr flutningatæki, sem stenst ekki kröfur, yfir í annað sem stenst kröfurnar.

Reitur III.12. Eftirfylgni eftir sóttkví: Varðar aðeins dýr: Slátrun eða slepping dýra eftir því hverjar niðurstöður eru úr rannsóknum.

Reitur III.13. Skoðunarstaður.

Reitur III.14. Undirritun opinbers dýralæknis eða skoðunarmanns. Tilgreinið hvaða dýralækniseiningu á staðnum undirskrifandi tilheyrir.

---

B-deild – Útgáfud.: 17. júlí 2006